



**GRAFÍA**

Stéttarfélag í prent-  
og miðlunargreinum

# Aðalfundur

fimmtudaginn 14. apríl 2016.  
Stórhöfða 31.

## Dagskrárliður nr. 3 lagabreytingar

### Reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal

#### **Breytt grein:**

5. gr. Aðeins Grafía, félagsmenn Grafíu og starfshópar innan félagsins geta átt sumarbústað í Miðdal. Þó geta þeir sem úthlutun hafa fengið frá Grafíu, en hverfa úr félaginu, haldið lóðarréttindum með undanþágu frá stjórn Grafíu. „Komi til þess að sumarbústaður, sem félagsmanni hefur verið látinn í té, falli í eigu annarra en félagsmanna Grafíu, maka hans *eða niðja* við andlát, gjaldþrot eða á annan hátt er afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi og skal þá fjarlægja bústaðinn eða selja hann Grafíu, eða einhverjum félagsmanni þess. Um sölu og brottflutning, svo og mat, skal fara eftir tveimur síðustu málslíðum 3. greinar.“

Skal þessa ákvæðis getið í lóðarsamningi. Um sölu eða brottflutning, svo og mat, skal fara eftir tveimur síðustu málslíðum 3. greinar.

2. gr. Lóðarhafa ber að greiða framkvæmdagjald sem er *samsvarandi árs félagsgjaldi sveins. allt að 40% af árlegu félagsgjaldi* Gjaldldagi er 1. maí ár hvert. *Fullgildir félagsmenn sem greiða fullt félagsgjald eða eru gjaldfrjálsir skv. lögum félagsins fá afslátt sem nemur 2/3 af gjaldinu greiði aðilar fyrir eindaga. Þeir sem hverfa úr félaginu, en halda lóðarréttindum sbr. 5. gr. greiða fimmfalt gjald með sama gjaldlega.* Verði vanskil á greiðslu framkvæmdagjaldsins fellur réttur til lóðar úr gildi.

**Breytingin vegna 2. gr. taki að fullu gildi frá og með 1. maí 2018.**

**Blár texti kemur inni grein.**

**Rauður texti fellur niður í grein.**

Stjórn GRAFÍU